

**Ed.**

**848. Nefndarálit**

[251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við í minni hlutanum leggjum til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem Alþingi hefur þegar samþykkt þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frumvarp til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.